

Nd.

259. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jafnvel þótt minni hlutinn viðurkenni, að mjög mikil þörf sje á að reisa eins fljótt og tiltækilegt er nýtt fangelsi og betrunarhús, getur hann þó ekki lagt til, að frv. þetta verði samþykkt, vegna þess hversu ófullkominn undirbúningur þess er, og má um þetta efni vísa til þeirra upplýsinga þar að lútandi, sem komu fram í meðferð málsins í hv. Ed. Okkur virðist alveg nauðsynlegt, að nákvæm kostnaðaráætlun liggi fyrir og staðurinn ákveðinn, áður en fullnaðarákvörðun verður tekin, því að ella er hætt við, að harla blint sje rent í sjóinn um kostnaðinn. Sá staður, sem til orða hefir komið, virðist ekki heppilegur, og þarf þetta atriði nánari rannsóknar við.

Minni hlutinn leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þingdeildin felur ríkisstjórninni að rannsaka og gera kostnaðaráætlun um nýtt fangelsi og betrunarhús, og í því trausti, að þessu verði lokið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson,
frsm.

H. J. Kristófersson.